

UMHVERFIS
STOFNUN

Alþingi - Efnahags- og viðskiptanefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. febrúar 2021

UST202101-316/H.G.

04.00

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt - 399. mál

Vísað er til erindis frá nefndasviði Alþingis dags. 22. janúar sl. þar sem efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sendi Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 (hvatar til fjárfestinga), 399. mál.

Tilfni lagasetningarinnar má rekja til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum af völdum kórónuveirufaraldursins. Fyrirhugaðar aðgerðir miða að því að hvetja til fjárfestinga einkaaðila í atvinnurekstrareignum með sérstaka áherslu á eignir sem teljast umhverfisvænar og stuðla að sjálfbærni í umhverfismálum. Frumvarpið er liður stjórnvalda í öflugri viðspyrnu gegn neikvæðum áhrifum faraldursins.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er fjallar um fyrningu atvinnurekstrareigna. Í 2. mgr. ákvæðisins er lagt til að heimilt verði að reikna sérstakt fyrningargjald á eignir sem teljast umhverfisvænar sem falla undir tilgreinda flokka. Þetta á einnig við um eignir sem falla ekki undir flokkana en eru umhverfisvottaðar eða uppfylla eitthvert að skilyrðum 1. - 5. tl. 3. mgr. 3. gr. Í 3. tl. er mælt fyrir um að eitt af skilyrðunum er að eignin er hluti af kerfi sem tilgreint er í viðeigandi BAT-viðmiðunarskýrslum Evrópusambandsins og uppfyllir losunarviðmið í viðeigandi BAT-viðmiðunarskýrslum Evrópusambandsins.

Umhverfisstofnun leggur til að fremur en að nota orðalagið „Eru hluti af kerfi sem tilgreint er...“ komi „Taka þátt eða starfrækja umhverfisstjórnunarkerfi sem tilgreint er...“ þar sem stofnunin telur það orðalag falla betur að efni BAT-niðurstaðna og telur að vel fari á því að það komi fram hvers konar „kerfi“ sé um að ræða. Þá telur Umhverfisstofnun að „BAT-viðmiðunarskýrslur“ sé ekki rétt hugtak heldur er að öllum líkindum átt við „BAT-niðurstöður“.

BAT-niðurstöður (e. BAT Conclusions; BATC) eru gefnar út af Evrópusambandinu og ráðinu og eru mikilvægur liður í verklagi sem tilskipun 2010/75/EB um losun í iðnaði kveður á um. Gefnar eru út nýjar BAT-niðurstöður með reglubundnum hætti og þær birtar

í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Í ferlinu sem ákvarðar BAT-niðurstöður er jafnhliða gert ítarlegt BAT-tilvísunarskjal (e. BAT reference document; BREF) þar sem mengun frá umræddri starfsemi er greind og niðurstöðum þessara greininga er ætlað að stuðla að gagnsæi og fyrirsjáanleika um með hvaða hætti BAT-niðurstöður eru ákvarðaðar. Innleiðing á evrópskum BAT-niðurstöðum á Íslandi er með reglugerð nr. 935/2018 um BAT (bestu aðgengilegu tækni) o.fl. á sviði atvinnurekstrar sem haft getur í för með sér mengun.¹ Á hinn bóginn eru BAT-tilvísunarskjöl fyrst og fremst tæknilegs eðlis og eru þau meðal annars notuð við að ákvarða BAT-niðurstöður.

Stofnunin leggur til eftirfarandi breytingu á 3. tl. 3. mgr. 3. gr. laganna, *svohljóðandi*:

Taka þátt í eða starfrækja umhverfisstjórnunarkerfi sem tilgreint er í viðeigandi BAT-niðurstöðum Evrópusambandsins og uppfyllir losunarviðmið og gæðakröfur í viðeigandi BAT-niðurstöðum Evrópusambandsins.

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðubúnir að koma á fund efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst

Hlín Gísladóttir
lögfræðingur

Sigurður Ingason
sérfræðingur

¹ Sjá nánar um BAT <https://ust.is/atvinnulif/opinber-birting/upplýsingar-um-utgafu-bat-nidurstadna/>